

Formaður er fulltrúi félagsins útávið og hefur umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal taka fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt. 145 24. júní

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í júlímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikninga félagsins skal færa inn í sérstaka bók. En í gerðabók skal færa samþykktir félagsins, gjaldskrá og fundargerðir.

8. gr.

Arði, sem aðalfundur ákveður að úthluta, skal skipt niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt 17. kafla laga nr. 53 frá 1957, um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 173/1952.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1960.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 58 15. apríl 1960 um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

146

21. júlí

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hafa skattar þessa árs ekki verið ákveðnir hinn 1. ágúst 1960, og er þá heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda hinn 1. ágúst sömu upphæð og honum bar að greiða hinn 1. maí s. l.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. júlí 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Kristján Thorlacius.